



Fundargerð	
Yfirskrift / efni:	5. fundur stjórnar KLÍ 2019-2020
Staðsetning:	Fjarfundur
Hvenær:	24. nóvember 2020 kl. 20:30
Þátttakendur:	Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ) Formaður Einar Jóel Ingólfsson (EJI) Gjaldkeri Geirdís Hanna Kristjánsdóttir (GHK) Varamaður
Boðuð forföll:	Skúli Freyr Sigurðsson (SFS) Meðstjórnandi Ingi Geir Sveinsson (IGS) Ritari
Fjarverandi:	Magnús Reynisson (MR) Varamaður Hafþór Harðarson (HH) Varaformaður Hörður I Jóhannsson (HIJ) Varamaður
Fundarritari:	JÁJ

Síðasta fundargerð

Engar athugasemdir við síðustu fundargerð.

Tilkynning frá Inga Geir Sveinssyni

IGS sendi JÁJ tölvupóst fyrr í dag þar sem hann tilkynnir úrsögn sína úr stjórn KLÍ. Nefnir hann ástæðurnar að hann hafi mörgu öðru að sinna og að áhugi hans á íþróttinni fari þverrandi.

JÁJ nefnir að GHK sé 1. varamaður og taki því sæti sem aðalmaður í stjórn. JÁJ leggur til að GHK taki við stöðu ritara, er það samþykkt samhljóða.

Starfsmannamál

JÁJ fer yfir að samið hafi verið við PMP um að taka að sér framkvæmda- og íþróttastjóra KLÍ. Stjórn sammála því að þetta sé framfaraspor að hafa nú einn starfsmann í fullu starfi í stað hlutastarfsmanna.

Covid-19 – næstu skref

Von er á því að nú reglugerð komi út um samkomutakmarkanir. Fréttir dagsins lofa þó ekki góðu, of mörg smit í samfélaginu. Rætt um að aflýsa mótum ársins og fresta deildarkeppni fram yfir áramót. Ákveðið að boða annan fund vegna fjarveru stjórnarmanna.

Gjaldkeramál – Staðan

EJI nefnir að nú þurfi ferlið við prókúru að fara í gang aftur vegna afsagnar IGS sem var ekki búinn að skrifa undir hjá bankanum.

Keilarar ársins

Rætt um hvort velja eigi keilara ársins. Aðilar á því en málinu frestað til næsta fundar.

Önnur mál.

Ekki voru önnur mál.

Fundi slitið 21:30